



# Vatnajökulsþjóðgarður

*Innkaupastefna*



12. apríl 2019

Útgáfa 1.0

## Áherslur í Innkaupastefnu Vatnajökulsþjóðgarðs

Innkaupastefna þessi gildir fyrir öll innkaup hjá Vatnajökulsþjóðgarði vegna fjárfestinga eða kaupa á vörum, endursöluvörum og þjónustu innan þjóðgarðsins. Innkaupastefnan er byggð á [lögum og reglugerðum um opinber innkaup](#) og innkaupastefnu ríkisins og innkaupastefnu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs eru sett eftirfarandi þrjú meginmarkmið í starfi þjóðgarðsins sem innkaupastefnan tekur mið af.

### **Að vernda, viðhalda og þróa ...**

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja verndun náttúru og menningarminja og viðhald gæða og sérstöðu Vatnajökulsþjóðgarðs.

### **Að upplifa ...**

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að tryggja að það sé einstök upplifun að heimsækja og dvelja í Vatnajökulsþjóðgarði, sem gestur, sem starfsmaður eða vísindamaður og að heimamenn telji það til aukinna gæða að búa í þjóðgarðinum eða á áhrifasvæði hans.

### **Að skapa ...**

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs leitast við, með stefnu sinni, ákvörðunum og í framkvæmd, að ýta undir að gæði og sérstaða þjóðgarðsins sé nýtt til frekari eflingar atvinnu og búsetu á svæðinu, til nýsköpunar í atvinnulífi, til listsköpunar og miðlunar á menningu svæðisins.

## Markmið Innkaupastefnu

Að skapa traust og áreiðanlegt umhverfi í innkaupum hjá Vatnajökulsþjóðgarði með áherslu á framkvæmd innkaupa, þannig að tryggt sé að öll innkaup verði hagkvæm, opin, ábyrg og sanngjörn. Lögð er áhersla á að velja umhverfisvænar vörur.

### **Helstu markmið innkaupastefnu Vatnajökulsþjóðgarðs eru að:**

- Að bjóða gestum upp á umhverfi sem styður við markmið þjóðgarðsins og eykur upplifun þeirra
- Að efla umhverfisvitund gesta og auka líkur á jákvæðri upplifun þeirra á heimsókn í Vatnajökulsþjóðgarð
- Að fylgja viðmiðum um vistvæn innkaup
- Að vörur séu umhverfis- og lífrænt vottaðar og vottaðar samkvæmt sanngjörnum viðskiptaháttum (fair trade)
- Hannaðar og framleiddar í nágrenni þjóðgarðsins eða innan hans
- Úr íslensku hráefni sem er leyfilegt (sjálfbært), t.d. ekki steinar sem eru tíndir á friðlýstum svæðum
- Frá fyrirtækjum, einstaklingum sem hafa umhverfisstefnu

### **Auk þess skal hafa í huga við innkaup á söluvöru í gestastofum:**

- Að bjóða vörur sem mæta mismunandi þörfum ólíkra gesta.
- Að veita gestum gæðapjónustu með sölu á fræðslutengdu efni sem eykur skilning og þekkingu á þjóðgarðinum (náttúru, sögu og menningu).
- Við val á söluvöru skal leitast við að bjóða sem mest upp á íslenska framleiðslu og frá nærsvæði þjóðgarðsins

## Umhverfisvæn og vistvæn innkaup

Við öll innkaup hjá Vatnajökulspjóðgarði skal tekið mið af umhverfisstefnu stofnunarinnar þar sem lögð er áhersla á umhverfissjónarmið. Það er t.d. gert með því að taka tillit til endingar, orkunotkunar og endurnýtingarmöguleika. Kaupa skal frekar þá vöru sem merkt er með vottuðum og viðurkenndum umhverfismerkjum.

Skilgreining á vistvænum innkaupum:

*„Að velja þá vöru eða þjónustu sem er síður skaðleg umhverfinu eða heilsu manna og ber sama eða lægri líftímakostnað samanborið við aðrar vörur og þjónustu sem uppfylla sömu þörf“*

Vatnajökulspjóðgarður leggur sig fram um að framfylgja stefnu ríkisins um vistvæn innkaup, sjá nánar á [www.vinn.is](http://www.vinn.is).

## Ábyrgð og skipulagning innkaupa

Framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs ber ábyrgð á öllum útgjöldum stofnunarinnar og er hann ábyrgðarmaður innkaupa skv. 90.gr. laga um opinber innkaup. Honum ber að sjá til þess að fjármunir nýtist sem best til þess að ná settum markmiðum. Samþykki hans þarf vegna allra útgjalda og ber honum að undirrita bindandi samninga.

Fjármálastjóri vinnur að samræmingu innkaupa Vatnajökulspjóðgarðs og hefur eftirlits- og fræðsluhlutverk. Fjármálastjóri skal eigi sjaldnar en einu sinni á ári meta árangur markmiða sem sett eru hverju sinni vegna innkaupa.

**Eftirfarandi verkaskipting gildir milli stjórnenda Vatnajökulspjóðgarðs um innkaup:**

- Framkvæmdastjóri hefur umsjón með og veitir leyfi fyrirfram um risnu og sérstökum útgjöldum s.s. vegna lögfræðikostnaðar og annars sem til fellur vegna yfirstjórnar.
- Framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og þjóðgarðsverðir hafa umsjón með öllum almennum innkaupum svo sem skrifstofuvörum, hreinlætisvörum, matvöru, fargjöldum og afgreiðslu dagpeninga (innanlands og utan ef við á) ásamt öllu sem snýr að rekstrarkostnaði og fjárfestingum varðandi bifreiðar og húsnæði stofnunarinnar. Heimildir til innkaupa byggjast á samþykktri rekstraráætlun hvers árs eða sérstakri heimild frá framkvæmdastjóra.
- Þeir starfsmenn sem hafi til þess heimild sjá um innkaup vegna faglegra verkefna sem þeir bera ábyrgð á.
- Aðrir starfsmenn hafa ekki heimild til innkaupa nema í sérstökum tilfellum og skal það þá gert í samráði við framkvæmdastjóra, þjóðgarðsverði eða fjármálastjóra.

## Innkaupaáferðir

- Rammasamningar og/eða rafræna markaðstorgið skal notað við innkaup þar sem þeir eru fyrir hendi og aðstæður leyfa. Þar sem rammasamningar eru ekki fyrir hendi skal ávallt viðhafa verðsamanburð.
- Framkvæmdastjóri, þjóðgarðsverðir og umsjónaraðilar á svæðum skulu leitast við að nota sérstök innkaupakort að svo miklu leiti sem hagstætt er. Handhafar kortanna skulu skila kvittunum til aðaskrifstofu fyrir 4. hvers mánaðar.
- Við kaup á eldsneyti og rekstrarvörum vegna bifreiða skulu starfsmenn nota sérstök eldsneytiskort.
- Við kaup á fargjöldum skal leitast við að ferðatími sé eins stuttur og kostur er, svo fremi að kostnaður sé innan hóflegra marka.
- Við stærri sérfræðiverk skulu gerðir verksamningar sem framkvæmdastjóri undirritar og leitað skal tilboða eða farið í útboð, allt eftir umfangi verkefna. Fari kostnaðaráætlun verkefnis yfir lögbundin mörk um útboðsskyldu samkvæmt lögum um opinber innkaup nr. 94/2001 skal undantekningalaust bjóða verkefni út.

- Áður en vörur eru pantaðar ber starfsmönnum að kynna sér vörurnar og spyrja eftirfarandi spurninga og fara eftir gátlista um innkaup endursöluvöru.

## Kynning stefnunnar

Í beinu framhaldi af samþykkt innkaupastefnunnar skal hún kynnt öllum starfsmönnum stofnunarinnar ásamt umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Innkaupastefnan skal vera aðgengileg á innri vef Vatnajökulsþjóðgarðs ásamt því að verða hluti af gæðahandbók og mælanlegum markmiðum stofnunarinnar.

## Innra eftirlit og eftirfylgni

Stofnun fylgi viðurkenndu samþykktarferli við samþykkt reikninga sem Fjársýsla Ríkisins / Ríkisendurskoðun hefur samþykkt. Innkaupagreining verði gerð reglulega til að fá yfirsýn og umfang innkaupa innan stofnunarinnar

## Siðfræðilegar viðmiðunarreglur við innkaup

Við innkaup hjá Vatnajökulsþjóðgarði skulu gilda eftirfarandi siðareglur til að tryggja jafnræði og trúnað við innkaup:

- Persónulegar ástæður skulu ekki ráða vali á vörum, birgjum eða þjónustu.
- Starfsmenn skulu leiða hjá sér hvers kyns persónulegan ávinning sem gæti haft áhrif á ákvarðanir vegna innkaupa.
- Starfsmaður skal ekki þiggja gjafir eða fjármuni frá einstaklingum, fyrirtækjum eða öðrum sem á einn eða annan hátt tengjast starfi hans ef almennt má líta á það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Sanngjarnt er að víkja frá þessu ef um afmælisgjafir eða annars konar tækifærisgjafir er að ræða enda séu verðmæti þeirra innan hóflegra marka. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni er heimilt að þiggja gjöf.
- Óheimilt er að mismuna á grundvelli ómálefnaðra sjónarmiða, s.s. kynferðis, kynþáttar, kynhneigðar, eða samfélagslegrar stöðu að öðru leyti.
- við innkaup og rekstur samninga skuli taka sérstakt tillit til gæða-, heilbrigðis-, mannréttinda-, umhverfis-, upplýsingaöryggis- og öryggissjónarmiða
- gæta jafnræðis, gagnsæis og hagkvæmni við öll innkaup
- Allir reikningar Vatnajökulsþjóðgarðs sem ekki eru persónugreinanlegir eru birtir inn á opnum reikningum ríkisins: <http://opnirreikningar.is/>
- Við innkaup skal ávallt hafa í huga að upplýsingar varðandi þau séu fyrir opnum tjöldum eftir því sem kostur er enda gilda um starfsseminna ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalaga nr. 50/1996

Hvorki starfsmenn né stjórnarmenn geta átt aðild að ákvörðunum um innkaup er varða aðila sem þeir eru í hagsmunatengslum við. Við mat á hæfi skal miða við stjórnarsýslulög.

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir sem tengjast viðskiptum við Vatnajökulsþjóðgarðs nema með skriflegri heimild framkvæmdastjóra.

# Aðgerðaáætlun fyrir Innkaupastefnu

## Áherslur í Innkaupastefnu Vatnajökulspjóðgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Yfirfara innkaup stofnunarinnar tvisvar á ári með stjórnendum Vatnajökulspjóðgarðs	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars og Nóvember
Árlega miðlar fjármálastjóri upplýsingum til starfsmanna á starfsmannafundi	Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir Aðstoðamenn þjóðgarðsvarða	Maí
Að ná <b>skrefi 1</b> í grænu bókhaldi maí 2019 og <b>skrefi 2</b> í nóvember 2019 (Grænu maurarnir)	Framkvæmdastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars 2020

## Markmið Innkaupastefnu

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að yfirfara Innkaupastefnu árlega og framfylgja upplýsingaskyldu um innkaup	Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarða	Febrúar
Yfirfara innkaup samkvæmt grænu bókhaldi fyrir 1. apríl ár hvert.	Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars

## Umhverfisvæn og vistvæn innkaup

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að halda fræðslufundi með starfsmönnum til að kynna hvað felst í vistvæn innkaup	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Maí

## Ábyrgð og skipulagning innkaupa

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Yfirfara fjármál og verkferli m.t.t. almennra innkaupa, lögfræðikostnaðar, útboða og rekstrarkostnaðar þjóðgarðsins	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars og Nóvember

## Innkaupaaðferðir

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Endurskoða samninga m.t.t. rekstrarhagræðingar	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri	Mars

## Innra eftirlit og eftirfylgni

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Yfirfara og endurskoða verkferla m.t.t. gæðahandbókar og innkaupagreiningar	Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu	Mars

## Endurskoðun stefnunnar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Innkaupastefnan er endurskoðuð að minnsta kosti á þriggja ára fresti eða oftar ef þörf krefur.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu Þjóðgarðsverðir	Mars 2021